

Barnaspítali Hringsins
b.t. Ásgeirs Haraldssonar yfirlæknis
Hringbraut
101 Reykjavík

Seltjarnarnesi 8. janúar 2012

Ágæti Ásgeir

Ég þakka bréf ykkar dagsett þann 15.11.2011 og símtal þann 9.12.2011 þar sem ítrekuð er afsökunarbeiðni vegna mistaka við greiningu og meðferð sonar míns er hann lést í febrúar 2001. Ég ákvað að geyma að svara bréfinu þar til á nýju ári vegna þess hver mál þetta hefur verið mér og fjölskyldunni erfitt. Ég tók þá ákvörðun að geyma málið og njóta aðventunnar og jólanna eins og hægt væri. Ég var því ekki tilbúin að ræða málið í þaula þegar þú hringdir þann 9.12. Það samtal var í sjálfu sér gott og vil ég ítreka loforð mitt um heimild þína/ykkar að nota efnið í kennslu eða annað sem þið teljið gagnlegt og til framdráttar spítalanum.

Í þeim tilgangi að meta framhaldið og rifja málið vel upp las ég bréfið aftur yfir í dag ásamt öðrum gögnum. Ég verð að segja að bréfið veldur mér miklum vonbrigðum þar sem ég sé ekki að þið skiljið það sem ég hef sagt en ætla ekki að tilgreina nánar það hér í þessu bréfi.

Ég hef ákveðið að láta hér við sitja. Þá á ég við ég tel farsælast fyrir mig að draga mig út úr málinu og fela öðrum framhaldið, ég einfaldlega treysti mér ekki lengra. Ég verð að einbeita mér að því að hugsa um sjálfa mig og fjölskyldu mína og fara að njóta lífsins sem biður okkar á nýju og gleðilegu ári. Eins og ég hef áður sagt þarfnast ég sem og aðrir þolendur mistaka talsmanns sem málsvara við þessar aðstæður.

Málið er nú í höndum lögmannna hjá Réttur Aðalsteinsson & Partners og mun Kári Hólmar Ragnarsson lögmaður (kari@rettur.is) óska eftir fundi um framhaldið. Með von um góða niðurstöðu fyrir alla.

Virðingafyllst,

Auðbjörg Reynisdóttir

Afrit sent til:

Ragnar Bjarnason yfirlæknir lyfjadeildar Barnaspítala Hringsins
Práinn Rósmundsson, yfirlæknir skurðeildar Barnaspítala Hringsins
Þóður Þórkelsson, yfirlæknir Vökudeildar Barnaspítala Hringsins
Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs LSH
Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga LSH
Atli Dagbjartsson yfirlæknir, Landlæknisembættinu.